

Mosfellsbær,
Skipulagsfulltrúi
bt. Láru Gunnarsdóttur, verkefnastjóra
póstfang: skipulag@mos.is

Reykjavík 13. október 2022

Varðar: Tilkynning um deiliskipulag í auglýsingu; suðurlandvegur í Kópavogi og Mosfellsbæ

Aðild: Egilsdalur ehf. vegna Engidals, lnr. 125244

Fyrirsvar:

Þórarinn V. Þórarinsson, lögmaður, Advocatus slf. Nóatúni 17, 105 Reykjavík.

Málavextir:

Með bréfi dags. 26. september var umbj. mínum tilkynnt um auglýsingu á nýju deiliskipulagi Suðurlandsvegar, frá Geithálsi vestan Hólmsár í Mosfellsbæ að tvíbreiðum hluta Suðurlandsvegar austan Lögbergsbrekku. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að núverandi Suðurlandvegur verði tvöfaldaður með lagningu nýrra akbrautar með tveimur akreinum norðan núverandi vegstæðis ásamt vegtenginum, þannig að áhrifin komi að fullu gagnvart landi umbj. míns sem liggur norðan vegar.

Umbjóðendur mínir hafa kannað líkleg áhrif af nýju vegstæði og einkum við það athugasemd, að hönnunin taki ekki eðlilegt mið af náttúrlegum aðstæðum og verndargildi farvegar Bugðu, sem fellur með afa fallegum hætti í sveig niður undir núverandi vegstæði. Austan vegar breiðir áin hins vegar úr sér, grunn og ekki sérstaklega falleg eða athyglisverð. Er þess eindregið farið á leit að verndargildi faravegarins norðan núverandi vegar verði metið áður en endanleg lega vegarins er ákveðin. Umbj. mínir telja blasa við að neikvæð áhrif a breikkun vegarins yrðu stórum minni, ef hann yrði breikkaður til austurs á umræddu svæði. Með vísan til þessara sjónarmiða mótmæla umbjóðendur mínir áformaðri stofnvegaglagningu norðan núverandi veglínu og áskilja sér jafnframt fyllst rétt til bóta verði eignarréttindi þeirra í Egilsdal skert af völdum veglagningar í krafti áformaðra skipulagsbreytinga.

Verði ekki fallist á framangreinda breytingu og haldið fast við framkomna tillögu benda umbj. mínir á að áhrifasvæði vegarins fer langt inn á land þeirra í Egilsdal og skerðir mögulega nýtingu þess, nánast óháð því í hverju hún nákvæmlega verður falin. Af teikningu fær hann ekki séð með fullri vissu, hvort hnitsetning landareignar hans er rétt og taki tillit til makaskipasamnings sem gerður var undir lok síðustu aldar. Er þess óskað gengið verði úr skugga um rétt merki á suðurhliðlandareignarinnar.

Þeir hafa áður áamálgað nauðsyn þess að þétt samráð verði með Reykjavík og Mosfellsbæ um skipulagningu og nýtingu svæðisins sín hvoru megin Geithálsvegar, enda sýnist við blasa að það land allt að Bugðu henti vel til uppbyggingar á íbúðar og atvinnuhúsnæði. Eðlilegt sé að skipuleggja útivistarsvæði utan þessara marka þannig að það umlyki byggð svæði í Mosfellsbæ og Reykjavík. Umbj. munu því að þessu tilefni óska eftir fundi með skipulagsyfirlöðum í Mosfellsbæ til að kynna þeim hugmyndir sínar um mögulega frekari nýtingar landsvæðis Egilsdals í þágu uppbyggingar á komandi árum.

Virðingarfyllst,



Þórarinn V. Þórarinsson, lögmr.